

Fundur nemendaráðs 11. maí 2023

Mættir: Elsa, Gísli, Leyla, Katrín, Sigbór og Linda. Sölvi mætti aðeins seinna.

Dagskrá fundar:

1. Þemadagar í næstu viku, þriðjudag, miðvikudag og föstudag (frí á fimmtudag).
 - a. Þemað sem var ákveðið var sumar og sól. Það er hægt að hafa sumar og sól einn daginn, íþróttadag einn daginn og annað síðasta daginn. Hægt að hafa einn litadag. Ákveðið að hafa bara tvo daga, miðvikudag og föstudag. Hafa litadag á miðvikudaginn og sumar og sól á föstudaginn. Katrín og Leyla ætla að hittast og búa til plaköt í hádeginu í dag.
2. Læstir skápar fyrir nemendur. Komið tilboð, spurning með staðsetningu? T.d. í forstofu í stað opinna hólfa.
 - a. Það er ekki pláss á ganginum uppi nema að fjarlægja snaga að einhverju leyti. Hægt að hafa í forstofu. Er hægt að hafa skápana á stigapöllum? Annaðhvort frammi við hverja hæð eða til móts við gluggana? Panta 4x15 skápa.
3. [Rýmið á bókasafninu](#) sem einskonar griðarstaður/vinnurými. Getum við haft hugmyndasamkeppni um hönnun á rýminu? Er hægt að hafa það rafrænt eða þarf það að vera á pappír?
 - a. Góð hugmynd að hafa hugmyndasamkeppni. Hægt líka að gera lista yfir það sem þyrfti að vera. Nemendaráð mælir með að hafa á pappír. Ef einhverjir vilja teikna upp í tölvu má það að sjálfsögðu, hægt að prenta út og skila eða senda rafrænt.
4. Símareglur.
 - a. Þau í 8. bekk vildu sjálf minnka símanotkun. Ef það gengi ekki mætti kennarinn taka símann/yrði hringt heim.
 - b. Ekki tókst að ræða málið í fleiri árgöngum.

